

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019.

1. gr.

Í stað viðauka 2.3 við samþykktina kemur nýr viðauki, um embættisafgreiðslur skrifstofustjóra skipulags- og byggingarmála á umhverfis- og skipulagssviði, sem birtur er með samþykkt þessari.

2. gr.

Í stað viðauka 2.4 við samþykktina kemur nýr viðauki, um embættisafgreiðslur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, sem birtur er með samþykkt þessari.

3. gr.

Í stað viðauka 2.5 við samþykktina kemur nýr viðauki, um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, sem birtur er með samþykkt þessari.

4. gr.

Í stað viðauka 2.7 við samþykktina kemur nýr viðauki, um embættisafgreiðslur sviðsstjóra velferðarsviðs og ákvarðanir starfsfólks velferðarsviðs, sem birtur er með samþykkt þessari.

5. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, viðauki 2.8, um embættisafgreiðslur sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs, sem birtur er með samþykkt þessari.

6. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 3. febrúar 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

Viðauki 2.3.**Um embættisafgreiðslur skrifstofustjóra skipulags- og byggingarmála á umhverfis- og skipulagssviði.**

1. gr.

Skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála fer með hlutverk skipulagsfulltrúa samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og byggingarfulltrúa samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 og verkefni sem honum eru falin, sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar.

Staðgengill skrifstofustjóra í verkefnum skipulagsfulltrúa er deildarstjóri skipulagsmála og staðgengill í verkefnum byggingarfulltrúa er deildarstjóri byggingarmála.

2. gr.

Sem skipulagsfulltrúi afgreiðir skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála, án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs, þau mál sem talin eru upp í liðum a-m hér á eftir:

- a. ákvörðun um að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir skv. 1. mgr. 44. gr. laganna. Ef minniháttar athugasemdir berast á athugasemdartíma við grenndarkynningu er skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála heimilt að afgreiða slík mál án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Við mat á því hvað telst minniháttar athugasemd skal höfð hliðsjón af skuggavarp, innsýn eða byggðamynstri og mögulegri skerðingu á hagsmunum nágretta;
- b. frestun afgreiðslu erinda þegar fyrir liggur ákvörðun Reykjavíkurborgar um að hefja vinnslu deiliskipulags eða hverfisskipulags fyrir viðkomandi svæði. Ekki er heimilt að fresta erindi lengur en í 12 mánuði frá því að umsókn berst nema málefnalegar ástæður séu fyrir slíkri ákvörðun. Komi til þess skal rökstyðja þá ákvörðun skriflega;
- c. afgreiðsla tillagna að óverulegum breytingum á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga;
- d. afgreiðsla mála skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga, þ.e. að víkja frá kröfum 2. mgr. 43. gr. laganna um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn þegar kemur að útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis;
- e. afgreiðsla tillagna um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga hafi engar eða minniháttar athugasemdir borist á athugasemdartíma. Í því felst m.a. að senda Skipulagsstofnun samþykkt deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið og engar eða minniháttar athugasemdir borist við og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42. gr. skipulagslaga nema umhverfis- og skipulagsráð eða borgarráð ákveði annað;
- f. ákvörðun um að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda, sbr. 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga;
- g. afgreiðsla tillagna um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögunnar skv. 5. ml. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga;
- h. ákvörðun um að framlengja frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur;
- i. ákvörðun um að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, sbr. 1. mgr. 48. gr. skipulagslaga;
- j. afgreiðsla umsókna um framkvæmdaleyfi þ.m.t. ákvörðun um útgáfu, synjun, framlengingu og aðra meðferð. Skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála er heimilt að leita eftir umsögnum viðeigandi

- umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga;
- k. eftirlit með útgefnum framkvæmdaleyfum;
- l. ákvörðun um stöðvun framkvæmdar sé hún hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brjóti í bága við skipulag, það hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað. Nú stöðvast framkvæmdaleyfis skyld framkvæmd í eitt ár eða lengur og getur skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála þá fellt framkvæmdaleyfið úr gildi;
- m. ákvörðun um beitingu dagsekta til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólögmætt, sbr. 3. mgr. 15. gr. og 54. gr. skipulagslaga.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skrifstofustjóra skipulags- og byggingarmála skv. 2. gr., skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga. Óski aðili eftir endurupptöku máls skal honum leiðbeint um heimild til að óska eftir því hjá borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka málið upp að nýju.

4. gr.

Sem byggingarfulltrúi afgreiðir skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum eru falin í lögum um mannvirki nr. 160/2010.

Skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála getur gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmála og öðrum samþykktum Reykjavíkurborgar um byggingarmál.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 5. gr. eru nafngiftir á götum, vegum og torgum. Nafnanefnd sem skipuð er af umhverfis- og skipulagsráði gerir tillögur að nöfnum á götum, vegum og torgum sem skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála leggur fyrir umhverfis- og skipulagsráð til afgreiðslu. Kjörtímabil nafnanefndar skal vera hið sama og borgarstjórnar.

5. gr.

Skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála getur ávallt vísað máli skv. 2. eða 4. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

6. gr.

Framangreindar afgreiðslur skrifstofustjóra skipulags- og byggingarmála skv. 2. gr. skulu teknar með formlegum hætti, skráðar í skjalakerfi sviðsins og lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs. Framangreindar afgreiðslur skrifstofustjóra skipulags- og byggingarmála skv. 4. og 5. gr. skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu borgarstjórnar með sama hætti og samþykktir skv. 2. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010.

7. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skrifstofustjóra skipulags- og byggingarmála er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál, sbr. lög nr. 130/2011 um

úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kæranlega ákvörðun er að ræða.

Viðauki 2.4.

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Ráðningu skrifstofustjóra skipulags- og byggingarmála Reykjavíkur, sbr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 8. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010;
- b. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs er heimilt að afgreiða, eða fela samgöngustjóra að afgreiða, eftirtalin mál:

- a. Ákvarðanir um breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar sem þurfa samþykki lögreglustjóra samkvæmt 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, aðrar en ákvarðanir um hvaða götur skuli vera göngugötur, ákvarðanir um leyfilegan hámarkshraða og ákvarðanir um gjaldskyldu stöðureita.
- b. Ákvarðanir um uppsetningu umferðarmerkja í samræmi við 1. mgr. 13. gr., sbr. 88. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

4. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

5. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. eða 3. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

6. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs skv. 2. eða 3. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga. Óski aðili eftir endurupptöku máls skal honum leiðbeint um heimild til að óska eftir því hjá borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka málið upp að nýju.

Viðauki 2.5.

Um embættisafgreiðslur samgöngustjóra.

1. gr.

Samgöngustjóri afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar. Um afgreiðslur samgöngustjóra gilda, eftir því sem við á, ákvæði umferðarlaga nr. 77/2019, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykpta borgarstjórnar er til þeirra taka.

2. gr.

Samgöngustjóra er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Ákvarðanir um breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar sem þurfa samþykki lögreglustjóra samkvæmt 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, aðrar en ákvarðanir um hvaða götur skuli vera göngugötur, ákvarðanir um leyfilegan hámarkshraða og ákvarðanir um gjaldskyldu stöðureita.
- b. Ákvarðanir um uppsetningu umferðarmerkja í samræmi við 1. mgr. 13. gr., sbr. 88. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

3. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

4. gr.

Samgöngustjóri getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

5. gr.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu samgöngustjóra skv. 2. gr., skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga. Óski aðili eftir endurupptöku máls skal honum leiðbeint um heimild til að óska eftir því hjá borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka málið upp að nýju.

Viðauki 2.7.**Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra velferðarsviðs
og ákvarðanir starfsfólks velferðarsviðs.**

1. gr.

Grundvöllur.

Starfsfólki velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, hér eftir nefnt velferðarsvið eða velferðarsvið Reykjavíkurborgar, sem tilgreint er í 2. gr., er í viðauka þessum falið umboð til rannsóknar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum málum og öðrum málum þar sem félagsþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald.

2. gr.

Skilgreiningar á hugtökum.

Sviðsstjóri er sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Skrifstofustjóri er skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks, skrifstofustjóri skrifstofu fjármála og rekstrar, mannauðsstjóri, skrifstofustjóri skrifstofu stjórnsýslu, skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafarþjónustu og skrifstofustjóri skrifstofu öldrunarmála.

Framkvæmdastjóri á miðstöð er starfandi framkvæmdastjóri miðstöðvar á hverjum tíma.

Deildarstjórar eru stjórnendur teyma og starfa bæði á skrifstofu velferðarsviðs og á miðstöðvum.

Starfsfólk er starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Þar undir falla m.a. starfsheitin; ráðgjafi, teymisstjóri, verkefnastjóri og þjónustufulltrúi.

3. gr.

Heimildir og umboð sviðsstjóra velferðarsviðs.

Sviðsstjóri velferðarsviðs ber ábyrgð á daglegum rekstri velferðarsviðs svo sem vinnslu umsagna um fagleg málefni og annarri umsýslu eftir því sem við á.

Sviðsstjóri velferðarsviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana velferðarráðs og rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Sviðsstjóri velferðarsviðs sendir erindi til borgarráðs og borgarstjórnar til umsagnar, kynningar eða meðferðar. Einnig sendir sviðsstjóri velferðarsviðs erindi til einstakra nefnda og ráða, embættismanna eða aðila utan Reykjavíkurborgar til umsagnar, kynningar eða meðferðar.

Sviðsstjóra velferðarsviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Ráðning skrifstofustjóra á skrifstofu velferðarsviðs.
- b. Ráðning framkvæmdastjóra á miðstöðvum Reykjavíkurborgar.
- c. Ráðning í aðrar stjórnunarstöður á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.
- d. Framsal ráðningarvalds annarra starfsmanna til annarra stjórnenda í samræmi við skipurit.
- e. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar hjá velferðarsviði.

Sviðsstjóri velferðarsviðs annast fyrirsvar gagnvart stofnunum og einkaaðilum sem beina erindum til velferðarsviðs.

4. gr.

Tilvísun máls til velferðarráðs.

Sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar getur ávallt vísað máli samkvæmt 3. gr. til afgreiðslu velferðarráðs.

5. gr.

Ráðning starfsfólks.

Skrifstofustjórar á skrifstofu velferðarsviðs ráða starfsfólk á skrifstofur sem heyra undir þá.

Framkvæmdastjórar miðstöðva ráða starfsfólk miðstöðva og annarra starfseininga sem heyra undir miðstöðvar.

Deildarstjórar og forstöðumenn ráða starfsfólk sem heyrir undir þeirra deild/starfseiningu.

6. gr.

Heimildir og umboð starfsfólks.

Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í viðauka þessum hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar hefur sviðsstjóri eða viðkomandi skrifstofustjóri heimild til að taka slíka ákvörðun.

Skrifstofustjóri skrifstofu stjórnsýslu er staðgengill sviðsstjóra velferðarsviðs.

7. gr.

Ákvarðanataka starfsfólks.

Starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar skal sjá um móttöku, vinnslu, meðferð og afgreiðslu erinda og umsókna samkvæmt eftirfarandi lögum og reglum og tekur ákvarðanir samkvæmt reglum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Sama gildir um ákvarðanir sem teknar eru varðandi viðkomandi mál á grundvelli stjórnsýslulaga nr. 37/1993, s.s. afturköllun og endurupptöku:

I. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

a. Fjárhagsaðstoð (VI. kafli laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð.

Heimildir til að taka ákvarðanir um fjárhagsaðstoð samkvæmt framangreindum lögum og reglum hefur eftirtalið starfsfólk: Framkvæmdastjóri á miðstöð, deildarstjóri á miðstöð, ráðgjafi á miðstöð, teymisstjóri á miðstöð, verkefnastjóri á miðstöð og þjónustufulltrúi á miðstöð.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Fjárhagsaðstoð til framfærslu skv. I. og II. kafla reglnanna, greiðslur til foreldra skv. 10. gr., námsaðstoð skv. 15. gr., aðstoð til foreldra vegna barna þeirra á framfæri skv. 16. gr., námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð skv. 17. gr., styrkur vegna innritunarkostnaðar og kaupa á námsgögnum skv. 18. gr., styrkur vegna húsbúnaðar skv. 19. gr., greiðsla sérfræðiaðstoðar skv. 20. gr. (tannlæknakostnaður og viðtöl), útfararstyrkir skv. 21. gr., áfallaaðstoð skv. 22. gr., ábyrgðaryfirlýsing vegna tryggingar húsaleigu skv. 23. gr., aðstoð vegna sérstakra erfiðleika skv. 24. gr., sérstök fjárhagsaðstoð í desember skv. 26. gr., sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu og/eða annarra sérstakra aðstæðna skv. 27. gr. og endurkrafa og stöðvun vegna rangra og villandi upplýsinga skv. 33. gr.

b. Stuðningsþjónusta (VII. kafla laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu, reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra, reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga.

i. Heimildir til að taka ákvarðanir um stuðningsþjónustu samkvæmt framangreindum lögum og reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu hefur eftirtalið starfsfólk: Framkvæmdastjóri á miðstöð, deildarstjóri á miðstöð, ráðgjafi á miðstöð, teymisstjóri á miðstöð og verkefnastjóri á miðstöð.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Umsóknir um stuðningsþjónustu skv. 4., 5. og 6. gr., stuðning við athafnir daglegs lífs skv. 3. gr., stuðning við heimilishald skv. 3. gr., félagslegan stuðning skv. 3. gr., heimsending matar skv. 3. gr., þjálfun endurhæfingarteymis í heimahúsi skv. 3. gr., aðstoð viðbragðsteymis skv. 3. gr., mat á stuðningsþörf skv. 7. gr., forgangsöröðun umsókna skv. 9. gr., gjaldtaka og gjaldalækkun skv. 10. gr., tímasetning stuðnings skv. 11. gr., umfang stuðnings skv. 12. gr., endurmat skv. 13. gr. og endurskoðun skv. 22. gr.

ii. Heimildir til að taka ákvarðanir um stuðningsþjónustu samkvæmt framangreindum lögum og reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra hefur eftirtalið starfsfólk: Framkvæmdastjóri á miðstöð, deildarstjóri á miðstöð, deildarstjóri á skrifstofu ráðgjafarþjónustu á skrifstofu velferðarsviðs, ráðgjafi á miðstöð, teymisstjóri á miðstöð og verkefnastjóri á miðstöð.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Umsókn um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra skv. 3., 4. og 5. gr., foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf skv. 3. gr., námskeið skv. 3. gr., hópastarf fyrir 6-18 ára skv. 3. gr., einstaklingsstarf fyrir 6-18 ára skv. 3. gr., mat á stuðningsþörf skv. 6. gr., forgangsöröðun umsókna skv. 8. gr., tími og umfang stuðnings skv. 9. gr., gildistími og endurmat skv. 10. gr., endurskoðun skv. 13. gr. og afturköllun ákvörðunar, ógilding umsókna eða stöðvun vegna rangra og villandi upplýsinga skv. 14. gr.

iii. Nánar er kveðið á um framkvæmd varðandi stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir í kafla II.

c. **Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk** (29. gr. laganna), sbr. reglur fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Heimildir til að taka ákvarðanir um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk samkvæmt framangreindum lögum og reglum hefur eftirtalið starfsfólk: Framkvæmdastjóri miðstöðvar, deildarstjóri á miðstöð, ráðgjafi á miðstöð, teymisstjóri á miðstöð og verkefnastjóri á miðstöð.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Afgreiðsla umsókna um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk með lögheimili í Reykjavík skv. 2. gr., þjónustutími skv. 7. gr., réttur til þjónustu skv. 8. gr., pantanir/afpantanir skv. 9. gr., tilhögun ferða skv. 10. gr., aðrir farþegar og aðstoðarmenn skv. 11. gr., gjald og þjónustusvæði skv. 12. gr.

d. **Málefni barna og ungmenna** (VIII. kafli laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu. Sjá nánar í ii. lið b-liðar í kafla I.

e. **Þjónusta við aldraða** (X. kafli laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu og **heimsending matar fyrir aldraða** (40. gr. laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu. Sjá nánar í i. lið b-liðar í kafla I.

f. **Þjónusta við fatlað fólk** (XI. kafli laganna). Almennar reglur gilda um þjónustu við fatlað fólk auk þess sem sérreglur gilda sem settar eru m.a. á grundvelli laga nr. 38/2018, sjá nánar í kafla II.

g. **Húsnæðismál** (XII. kafli laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.

Heimildir til að taka ákvarðanir um félagslegt leiguhúsnæði samkvæmt framangreindum lögum og reglum hefur eftirtalið starfsfólk: Framkvæmdastjóri á miðstöð, deildarstjóri á miðstöð, deildarstjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks, ráðgjafi á miðstöð, teymisstjóri á miðstöð og verkefnastjóri á miðstöð.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Umsókn um almennt félagslegt leiguhúsnæði skv. 4. gr., undanþága frá skilyrðum skv. 5. gr., umsókn um húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónusturþarfir skv. 11. gr., umsókn um þjónustuíbúðir aldraðra skv. 14. gr., forgangsörðun skv. 17. gr., höfnun húsnæðis skv. 21. gr., milliflutningur og þjónustukeðja skv. 23. gr., endurnýjun og endurmat skv. 29. gr., endurskoðun skv. 32. gr., ógilding umsóknar eða stöðvun vegna rangra og villandi upplýsinga skv. 33. gr.

Skrifstofustjóri, deildarstjóri og/eða verkefnastjóri á skrifstofu ráðgjafarþjónustu á skrifstofu velferðarsviðs hafa heimild til að taka ákvörðun um úthlutun húsnæðis skv. 19. og 20. gr. reglnanna, milliflutning skv. 23. gr. og afturköllun skv. VIII. kafli reglnanna.

Sjá nánar b-lið II. kafla varðandi félagslegt leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk.

h. **Sérstakur húsnæðisstuðningur** (2.-3. mgr. 45. gr. laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Heimildir til að taka ákvarðanir um sérstakan húsnæðisstuðning samkvæmt framangreindum lögum og reglum hefur eftirtalið starfsfólk: Framkvæmdastjóri á miðstöð, deildarstjóri á miðstöð, ráðgjafi á miðstöð, teymisstjóri á miðstöð og verkefnastjóri á miðstöð.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. og 3. gr., frestun greiðslna skv. 7. gr., sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna skv. 8. gr., gildistími umsóknar skv. 9. gr., endurskoðun skv. 11. gr., leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi skv. 12. gr. og endurkrafa á grundvelli rangra og villandi upplýsinga skv. 13. gr.

II. Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

a. Stoðþjónusta (8. gr. laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Heimildir til að taka ákvarðanir um stoðþjónustu samkvæmt framangreindum lögum og reglum hefur eftirtalið starfsfólk: Skrifstofustjóri málefna fatlaðs fólks, deildarstjóri ráðgjafar á skrifstofu málefna fatlaðs fólks, deildarstjóri þjónustu á skrifstofu málefna fatlaðs fólks og ráðgjafi á skrifstofu málefna fatlaðs fólks.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Umsóknir um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. 3., 4. og 5. gr., sérhæfð ráðgjöf skv. 3. gr., hópstuðningur skv. 3. gr., stoðþjónusta skv. 3. gr., stuðningur við athafnir daglegs lífs skv. 3. gr., stuðningur við heimilishald skv. 3. gr., félagslegur stuðningur skv. 3. gr., heimsending matar skv. 3. gr., þjálfun endurhæfingarteymis í heimahúsi skv. 3. gr. og aðstoð viðbragðsteymis skv. 3. gr., mat á stuðningsþörf skv. 6. gr., forgangsörðun umsókna skv. 8. gr., gjaldtaka og undanþága frá gjaldskyldu skv. 9. gr., tími og umfang stuðnings skv. 10. gr., gildistími og endurmat skv. 11. gr. og endurskoðun skv. 19. gr., stöðvun umsóknar eða afturköllun vegna rangra eða villandi upplýsinga skv. 20. gr.

b. Búseta (9. gr. laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Heimildir til að taka ákvarðanir um félagslegt leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk samkvæmt framangreindum lögum og reglum hefur eftirtalið starfsfólk: Skrifstofustjóri málefna fatlaðs fólks, deildarstjóri ráðgjafar á skrifstofu málefna fatlaðs fólks, ráðgjafi á skrifstofu málefna fatlaðs fólks og verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk skv. 7. og 8. gr., forgangsörðun skv. 17. gr., höfnun húsnæðis skv. 21. gr., milliflutningur og þjónustukeðja skv. 23. gr., endurnýjun og endurmat skv. 29. gr., endurskoðun skv. 32. gr., ógilding umsóknar eða stöðvun vegna rangra og villandi upplýsinga skv. 33. gr.

Skrifstofustjóri, deildarstjóri og/eða verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks á skrifstofu velferðarsviðs hafa heimild til að taka ákvörðun um úthlutun húsnæðis skv. 19. og 20. gr. reglnanna, milliflutning skv. 23. gr. og afturköllun skv. VIII. kafla reglnanna.

c. Notendasamningar (10. gr. laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga.

Heimildir til að taka ákvarðanir um notendasamninga (beingreiðslusamninga) samkvæmt framangreindum lögum og reglum hefur eftirtalið starfsfólk: Skrifstofustjóri málefna fatlaðs fólks, deildarstjóri ráðgjafar á skrifstofu málefna fatlaðs fólks, deildarstjóri þjónustu á skrifstofu málefna fatlaðs fólks, ráðgjafi á skrifstofu málefna fatlaðs fólks og verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Afgreiðsla umsókna um beingreiðslusamninga skv. 3.-9. gr., stöðvun greiðslna skv. 11. gr., gildistíma skv. 12. gr., undanþágu vegna aðstoðarfólks skv. 14. gr., eftirlit og endurmat skv. 16. gr., uppsögn beingreiðslusamnings skv. 17. gr., riftun beingreiðslusamnings skv. 18. og 19. gr. og endurskoðun skv. 23. gr., stöðvun afgreiðslu umsóknar eða afturköllun vegna rangra eða villandi upplýsinga skv. 24. gr.

d. Notendastýrð persónuleg aðstoð (11. gr. laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.

Heimildir til að taka ákvarðanir um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk samkvæmt framangreindum lögum og reglum hefur eftirtalið starfsfólk: Skrifstofustjóri málefna fatlaðs fólks, deildarstjóri ráðgjafar á skrifstofu málefna fatlaðs fólks, ráðgjafi á skrifstofu málefna fatlaðs fólks og verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Afgreiðsla umsókna um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk skv. 3.-7. gr., heildstætt mat skv. 8. gr., samkomulag um vinnustundir skv. 9. gr., stöðvun greiðslna skv. 10.

gr., undanþágu vegna aðstoðarfólks skv. 11. gr., endurmat skv. 12. gr., riftun beingreiðslusamnings skv. 17. gr. og uppsögn beingreiðslusamnings skv. 18. gr., fella samning úr gildi og endurkrafa eða stöðvun afgreiðslu umsóknar vegna rangra og villandi upplýsinga skv. 23. gr.

Skrifstofustjóri, deildarstjóri og/eða verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks á skrifstofu velferðarsviðs hafa heimild til að taka ákvörðun um úthlutun samnings um notendastýrða persónulega aðstoð skv. 4. gr. reglnanna.

e. Stuðningur við börn og fjölskyldur þeirra (IV. kafli laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og reglur Reykjavíkurborgar um stöð- og stuðningsþjónustu.

Heimildir til að taka ákvarðanir um stuðningsþjónustu við fötluð börn samkvæmt framangreindum lögum og reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra hefur eftirtalið starfsfólk: Framkvæmdastjóri á miðstöð, deildarstjóri á miðstöð, deildarstjóri á skrifstofu ráðgjafarþjónustu á skrifstofu velferðarsviðs og teymisstjóri á miðstöð.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Umsóknir um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra skv. 3.-6. gr., foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf skv. 3. gr., námskeið skv. 3. gr., hópastarf fyrir 6-18 ára skv. 3. gr., einstaklingsstarf fyrir 6-18 ára skv. 3. gr., stuðningsfjölskylda fyrir 0-18 ára skv. 3. gr., skammtímadvöl fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára skv. 3. gr., heimili fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára skv. 3. gr., forgangsroðun skv. 8. gr., tími og umfang stuðnings skv. 9. gr., gildistími og endurmat skv. 10. gr. og endurskoðun skv. 13. gr., stöðvun, ógilding eða afturköllun umsóknar vegna rangra eða villandi upplýsinga skv. 14. gr.

f. Stuðningsfjölskyldur (15. gr. laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Sjá nánar í e-lið í kafla II.

g. Skammtímadvöl (17. gr. laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Sjá nánar í e-lið í kafla II.

h. Málstjóri (19. gr. laganna). Sjá nánari í a-lið í kafla IV.

i. Ráðgjöf vegna barna með fjölbættan vanda eða miklar þroska- og geðraskanir (20. gr. laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Sjá nánar í e-lið í kafla II.

j. Búseta barna utan heimilis (21. gr. laganna). Skrifstofustjóri, deildarstjóri og/eða verkefnastjóri á skrifstofu ráðgjafarþjónustu á skrifstofu velferðarsviðs hafa heimild til að taka ákvörðun um búsetu barna utan heimilis.

k. Vernduð vinna (24. gr. laganna). Skrifstofustjóri, deildarstjóri og/eða verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks á skrifstofu velferðarsviðs hafa heimild til að taka ákvörðun varðandi verndaða vinnu.

l. Styrkir – námskostnaður, verkfæra- og tækjakaup (25. gr. laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Heimildir til að taka ákvarðanir um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fyrir fatlað fólk samkvæmt framangreindum lögum og reglum hefur eftirtalið starfsfólk: Framkvæmdastjóri miðstöðvar, deildarstjóri á miðstöð, ráðgjafi á miðstöð, teymisstjóri á miðstöð og verkefnastjóri á miðstöð.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Afgreiðsla umsókna um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir skv. 4. og 5. gr., mat og afgreiðsla skv. 6. gr., endurkrafa skv. 7. gr., stöðva afgreiðslu umsóknar og endurgreiðsla vegna rangra og villandi upplýsinga skv. 11. gr.

III. Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999

a. Heimapjónusta (félagslegi hluti hennar, þ.e. stuðningsþjónusta skv. lögum nr. 40/1991) (1. tl. 13. gr. laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu. Sjá nánar í i. lið b-liðar í kafla I.

b. Dagdvöl aldraðra (3. tl. 13. gr. laganna), sbr. reglugerð um dagdvöl aldraðra nr. 1245/2016. Dagdvöl aldraðra er á forræði ríkisins en rekstri hennar er alltaf útvistað til einkaaðila og/eða sveitarfélaga.

Heimild til að samþykkja dvöl einstaklings í dagdvöl aldraðra hefur forstöðumaður viðkomandi dagdvalar.

c. Flutningur til og frá dagdvöl aldraðra (3. tl. 13. gr. laganna), sbr. reglugerð um dagdvöl aldraðra nr. 1245/2016.

Heimild til að taka ákvörðun um flutning til og frá heimili einstaklings í dagdvöl hefur forstöðumaður viðkomandi dagdvalar.

d. Þjónustuíbúðir aldraðra (4. tl. 13. gr. laganna, sbr. og 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði. Sjá nánar í g-lið í kafla I.

IV. Lög um samþættingu í þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021

a. Málsstjóri (20. gr. laganna).

Heimild til að taka ákvörðun um það hvort ábyrgð máls færist á 2. stig til málsstjóra farsældar hefur deildarstjóri barna- og fjölskyldudeildar á miðstöð eða málsstjóri.

V. Ólögbundin þjónusta

a. Reglur um akstursþjónustu aldraðra í Reykjavík (X. kafli laganna), sbr. reglur Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu aldraðra.

Heimildir til að taka ákvarðanir um akstursþjónustu aldraðra í Reykjavík samkvæmt framangreindum reglum hefur eftirtalið starfsfólk: Framkvæmdastjóri miðstöðvar, deildarstjóri á miðstöð, ráðgjafi á miðstöð, teymisstjóri á miðstöð og verkefnastjóri á miðstöð.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Afgreiðsla umsóknar um akstursþjónusta aldraðra skv. 2. og 3. gr., gildistími skv. 4. gr., þjónustutími skv. 5. gr., tilhögun ferða skv. 6. gr., aðrir farþegar/aðstoðarmenn skv. 7. gr., gjald, fjöldi ferða og þjónustusvæði skv. 8. gr., lækkun greiðslu skv. 9. gr.

b. Reglur Reykjavíkurborgar um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar.

Heimildir til að taka ákvarðanir um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar samkvæmt framangreindum reglum hefur eftirtalið starfsfólk: Framkvæmdastjóri á miðstöð, deildarstjóri á miðstöð, teymisstjóri á miðstöð, ráðgjafi á miðstöð og verkefnastjóri á miðstöð.

Um er að ræða eftirfarandi ákvarðanir: Umsókn um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar skv. 2.-4. gr., mat á umsókn skv. 5. gr., endurskoðun skv. 10. gr. og stöðvun afgreiðslu umsóknar og afturköllun vegna rangra eða villandi upplýsinga skv. 11. gr.

8. gr.

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs.

Ákvörðunum starfsfólks velferðarsviðs og miðstöðva í einstaklingsmálum er unnt að skjóta til áfrýjunarnefndar velferðarráðs til endurskoðunar og fullnaðarafgreiðslu ákvörðunar. Endanleg ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs er skilyrði fyrir því að unnt sé að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. heimild í 6. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

9. gr.

Endurupptaka.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu samkvæmt 3. gr. eða komi hann á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína. Sé um að ræða endurupptöku á ákvörðun sviðsstjóra, sbr. 3. gr., skal slík beiðni borin fram í velferðarráði. Telji velferðarráð að skilyrði fyrir endurupptöku séu fyrir hendi skal sviðsstjóri taka málið upp að nýju.

Ef um er að ræða endurupptöku á ákvörðun starfsfólks, sbr. 24. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993, skal slík beiðni borin fram við deildarstjóra. Telji deildarstjóri að skilyrði fyrir endurupptöku séu fyrir hendi skal taka málið upp að nýju.

Viðauki 2.8.**Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs.**

1. gr.

Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. ráðning skrifstofustjóra og annarra starfsmanna,
- b. framsal ráðningarvalds annarra starfsmanna til annarra stjórnenda í samræmi við skipurit,
- c. erindi sem berast til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðsins.

3. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi stafræns ráðs.

4. gr.

Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu stafræns ráðs. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal sviðsstjóri vísa málinu til afgreiðslu borgarráðs.

5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr.

stjórnsýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal taka málið upp að nýju.

B deild - Útgáfudagur: 18. febrúar 2026